

# Mannauðsstefna Félagsbústaða

Markmið mannauðsstefnu Félagsbústaða er að skapa vinnuumhverfi sem laðar að hæft, metnaðarfullt og árangursdrifið starfsfólk þar sem lögð er áhersla á góða þjónustu, virðingu og vellíðan, góðan starfsanda og öfluga liðsheild.

Félagsbústaðir bjóða upp á fjölskylduvænt og heilsueflandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf þannig að jafnvægi ríki og starfsfólk eru stutt í að leggja rækt við andlega og líkamlega heilsu. Gætt er að vinnuvernd starfsmanna í innra og ytra starfi og starfsfólki er tryggður góður vinnuaðbúnaður og starfsumhverfi.

Mannauðsstefnan nær til alls starfsfólks Félagsbústaða og tryggir starfsfólki ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi svo veita megi eins góða þjónustu og mögulegt er hverju sinni. Hún er sett fram til samræmis við eigenda og þjónustustefnu fyrirtækisins. Sett eru árleg mælanleg markmið til þess að fylgjast með ávinningi í mannauðsmálum.

Allt starfsfólk starfar í anda gildanna:

## Samvinna



- Við vinnum að sameiginlegum markmiðum í samræmi við stefnu og framtíðarsýn fyrirtækisins.
- Öflugt samstarf tryggir farsæla úrlausn verkefna.
- Við myndum samheldna liðsheild þar sem boðleiðir og ábyrgðarsvið eru skýr.
- Skilvirk og gagnvirk upplýsingamiðlun einkennir starfsemi fyrirtækisins.
- Við berum sameiginlega ábyrgð á jákvæðri og hvetjandi vinnustaðarmenningu með öflugu félagslífi.
- Starfsþróun er sameiginlegt verkefni starfsfólks og stjórnenda.

## Virðing



- Gagnkvæm virðing einkennir öll samskipti bæði innan og utan fyrirtækisins.
- Við erum metin á eigin verðleikum.
- Ráðningar á nýju starfsfólki eru byggðar á hlutlausum og faglegum vinnubrögðum.
- Við vinnum að jafnræði og jafnrétti óháð kyni, kynhneigð, fötlun, þjóðerni, trú eða menningu.
- Við líðum ekki einelti og kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi.
- Við tileinkum okkur siðareglur Félagsbústaða.

## Þjónusta



- Við búum yfir þjónustulund og veitum viðskiptavinum trausta og góða þjónustu.
- Við erum vakandi fyrir nýjum lausnum til að bæta þjónustu og auka skilvirkni og framþróun.
- Við höfum tækifæri til að sinna fjölbreyttum verkefnum og tækifæri til framþróunar í starfi.
- Við veitum hvort öðru virka og uppbyggilega endurgjöf og hrósum fyrir vel unnin störf.
- Til að tryggja trausta og góða þjónustu er boðið upp á markvissa fræðslu.
- Við höfum tækifæri til að sækja endurmenntun til að viðhalda og auka við þekkingu okkar og færni.

Samþykkt af stjórn Félagsbústaða 28. febrúar 2019.  
Mannauðsstefnu skal endurskoða á tveggja ára fresti.